



Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 26. október 2016 varðandi eftirfarandi mál.

Grundarstígsreitur

Lögð fram umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, mótt. 26. apríl 2016, ásamt tillögu að deiliskipulagi Grundarstígsreitar sem afmarkast af Grundarstíg, Spítalastíg, Þingholtsstræti og Skálholtsstíg. Í tillögunni eru settir fram almennir skilmálar fyrir gróna byggð á reitnum varðandi uppbyggingu kvista, smárra viðbygginga, svala og lítilla geymsla, í samræmi við byggingarreglugerð og byggingarstíl húsa á reitnum. Einnig er lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 26. maí 2016 vegna samþykktar borgarráðs s.d. um að vísa tillögu að deiliskipulagi Grundarstígsreits til umhverfis- og skipulagsráðs að nýju og því falið að athuga möguleika á því að koma lóð fyrir flutningshús fyrir innan reitsins. Jafnframt er lagt fram bréf Silju Traustadóttur f.h. Glámu/Kím, dags. 6. september 2016 og breyttan uppdrátt Glámu/Kím ehf., dags. 25. október 2016.

Uppdr. Hverfisgata 61.


Uppdr. Norðurpóll.

Uppdr. Laugavegur 36.







Samþykkt að endurauglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.







F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Björgvin Rafn Sigurðarson







Fylgiskjöl: uppdrættir Glámu/Kím ehf., dags. 25. október 2016



Hverfisgata 61 lykilstærðir	
Grunnflötur Hverfisg.	ca. 40m ²
Viðbygging	ca. 40m ²
Samtals	ca. 80m ²
2 hæðir og ris	ca. 140m ²
nýtingarhlutfall	0,50



Laugavegur 36 lykilstærðir	
Grunnflötur Laugavegar	ca. 30 m ²
Viðbygging	ca. 30m ²
Samtals	ca. 60m ²
2 hæðir og ris	ca. 130m ²
nýtingarhlutfall	0,47



Norðarpóll lykilstærðir	
Grunnflötur Norðarpóls	ca. 66,5 m ²
Viðbygging	ca. 28,5m ²
Samtals	ca. 95,0m ²
2 hæðir og ris	ca. 180m ²
2 hæðir og ris hámark	ca. 240m ²
nýtingarhlutfall hámark	0,86